

Efni: Árnahúss

Í apríl 2018 sendu nokkrir aðilar bæjarráði erindi þar sem reifuð var hugmynd um hvernig mætti standa að endurgerð svonefnds Árnahúss á Sólmundarhöfða. Erindið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs þann 12. apríl og eftirfarandi bókun gerð:

**Bæjarráð þakkar bréfitara erindið og tekur jákvætt í það.
Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.**

Sú jákvæða afstaða skilaði sér í að Akraneskaupstaður sótti um framlag úr Húsafriðunarsjóði og fékk úthlutað 1,2 mkr.

Einstaklingar sem höfðu áhuga á málinu fengu aðila til að teikna upp húsið og hlöðuna og málsetja en þau gögn liggja fyrir. Þá skrifaði nemandi Landbúnaðarháskóla Íslands, Jónas Ingólfur Lövdal, BS - ritgerð sem ber heitið: „Sólmundarhöfði – samtal menningar náttúru. Landslagsgreining.“ Efni þeirrar ritgerðar er afar áhugavert, mikilvæg upplýsing og hvatning til að nýta þau tækifæri sem felast í stefnu og aðgerðum í þágu almennings á Sólmundarhöfða. Loks skal nefnt að áhugafólk átti fundi með fulltrúum Minjastofnunar Íslands og Minjaverndar ehf., áhugafólki um verkefnið á Sólmundarhöfða og fulltrúum Akraneskaupstaðar, þar sem rætt var um endurgerð Árnahúss. Ýmis önnur gögn og upplýsingar eru til um málið, en látið nægja að nefna ofangreind atriði.

Málefni Árnahúss hefur verið til umræðu í nokkrum nefndum bæjarins og stjórn Dvalarheimilisins Höfða, en á fundi bæjarráðs þann 27. janúar 2023 var eftirfarandi bókun gerð:

„Bæjarráð ítrekar vilja sinn til endurgerðar Árnahúss í samvinnu við Minjastofnun Íslands og að framkvæmdinni verði háttað þannig að það hindri ekki stækkunarmöguleikann fyrir Höfða, hjúkrunar og dvalarheimili. Fyrir liggja drög að kostnaðaráætlun og ljóst að verkefnið er kostnaðarsamt og mun taka einhver ár í uppbyggingu en vilji bæjarráðs er til að kannaðir verði samstarfsmöguleikar við ýmsa aðila svo sem Fjölbrautarskóla Vesturlands þar sem nemendur á tréiðnaðarbraut undir handleiðslu kennara gætu komið að verkefninu sem og að leitað verði samstarfs við áhugasama einstaklinga um endurbyggingu eldri húsa. Verkefnið gæti orðið nokkurs konar samfélagsverkefni, keimlíkt því sem gert var í verkefninu "karlar í skúrnum" sem tekist hefur með ágætum.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins og heimilar nýtingu þess fjármagns til verkefnisins sem greitt var Akraneskaupstað vegna tjóns sem varð á húsinu þann 10. maí 2021 og greitt út á árinu 2022 en um var að ræða greiðslu að fjárhæð alls kr. 3.750.000.“

Sá fyrirvara var settur í bókun bæjarráðs að endurgerð Árnahúss og hlöðu hindri ekki stækkunarmöguleika Dvalarheimilisins Höfða. Sá fyrirvari gerði raun ómögulegt að halda málinu áfram á þeim tíma. Hins vegar liggur nú fyrir stefnumörkun í öldrunarmálum og þar með talið




stækkun Höfða. Af þeim gögnum sem eru að baki þeirri stefnu verður ekki séð í fljótu bragði, að sá fyrirvari sem bæjarráð setti sé lengur fyrir hendi. Að auki er vandséð að stækkun dvalarheimilisins út á Sólmundarhöfða, yfir grjótgarðinn og húsinn sem þar eru, sé raunhæf.

Nú er enn leitað eftir afstöðu Akraneskaupstaðar til málsins. Undirrituð eru reiðubúin til þess að taka þátt í undirbúningi og framkvæmd þess verkefnis að endurnýja Árnahús og hlöðuna, leita eftir fjárhagslegum stuðningi og taka þátt í að finna húsunum hlutverk. Ljóst er að verkefnið mun taka tíma og kosta fjármuni. En afstaða Akraneskaupstaðar og stuðningur, þ.m.t. fjárhagslegur stuðningur, er forsenda þess að verkefnið hafi framgang og að unnt sé að leita stuðnings víðar. Engum dylst að skoðanir um svona verkefni eru og verða skiptar enda dæmi um það frá fyrri tíð á Akranesi. Eftir sem áður er hópur fólks sem vill gera sitt til að varðveita gömul hús, ekki síst friðuð hús, sem geta áfram gengt góðu hlutverki og verið kennileiti eða tilvísun í liðna tíð. Stefna bæjaryfirvalda skiptir þar sköpum, ekki síst þegar bæjarsjóður er eigandi húsa sem hafa varðveislugildi.


Umrædd hús á Sólmundarhöfða eru nú í því ástandi að annað hvort verða þau endurgerð eða rifin. Óhjákvæmilegt er því að eigandi húsanna taki skýra afstöðu um hvora leiðina skuli fara. Ef endurnýja á húsinn, leita á liðsinnis Fjölbautaskólans, sækja um styrki til verkefnisins og margt fleira, þá þarf afstaða bæjarins að liggja fyrir. Að fengnu samþykki bæjarins er raunhæft að hefja nú þegar undirbúnings málsins, en stefna að fyrstu aðgerðum í Árnahúsi að vori 2026.

Endurnýjun Árnahúss, hlöðunnar og grjótgarðs, gerð göngustíga með varanlegu slitlagi, styrking sjóvarnar fremst á Höfðanum og fleira, er ekki skammtímaverkefni. Ákvörðun og framkvæmd mun hins vegar leiða til þess að svæðið verði enn fjölfarnara og til framtíðar íbúum Akraness og þar með talið Dvalarheimilisins Höfða, til enn frekari yndisauka. Þá verður ekki annað séð en að framtíðarsýn um aðgerðir á þeim forsendum sem lýst hefur verið, falli einstaklega vel að stefnuáherslum Akraneskaupstaðar og heildarstefnu kaupstaðarins 2024 – 2030, um umhverfissátt, farsælt samfélag og auðgandi mannlíf og menningu.


Því er óskað eftir afstöðu til þess hvort vilji sé til að nýta stuðning og vilja þeirra sem hafa áhuga á að taka þátt í þessu verkefni í samvinnu við Akraneskaupstað.




Gísli Gíslason
kt. 090755-3829




Helena Guttormsdóttir
Kt. 260663-7399




Rudolf B. Jósefsson
kt. 050654-5249



Karl Jóhann Haagensen
Kt. 110580-4369



Sigursteinn Sigurðsson
kt. 160382-5119



Sæmundur Benediktsson
Kt. 021060-4299